

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2003/EES/23/16

frá 19. desember 2000

um breytingu á 14. kafla I. viðauka tilskipunar ráðsins 92/118/EBE varðandi kröfur um heilbrigði dýra og manna sem hafa áhrif á viðskipti innan og innflutning til bandalagsins á vörum sem umræddar kröfur í sérreglum bandalagsins sem um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 89/662/EBE, og í tilskipun 90/425/EBE hvað varðar lifandi smitefni, gilda ekki um (*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 3866)

(2001/7/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/118/EBE varðandi kröfur um heilbrigði dýra og manna sem hafa áhrif á viðskipti innan og innflutning til bandalagsins á vörum sem umræddar kröfur í sérreglum bandalagsins sem um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 89/662/ EBE, og í tilskipun 90/425/EBE ⁽¹⁾ hvað varðar lifandi smitefni, gilda ekki um, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/724/EB⁽²⁾, einkum 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ósamræmi, sem ber að leiðrétta, er milli þýsku og annarra tungumála í þýðingu texta um viðskipti yfir landamæri með óunninn áburð og tímabært er, með tilliti til hugsanlegrar sjúkdómsáhættu, að taka upp bætt eftirlit með slíkum flutningum.
- 2) Nauðsynlegt er, við slíka flutninga yfir landamæri, að taka tillit til sjúkdómsástandsins í aðildarríkjunum.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Í stað a-liðar 1. liðar í hluta I.A í 14. kafla I. viðauka við tilskipun ráðsins 92/118/EBE kemur:

„1. a) Viðskipti með óunninn áburð úr öðrum tegundum en alifuglum eða dýrum af hestaett eru bönnuð, nema áburðurinn sé:

frá svæði eða bújörð þar sem engar takmarkanir eru varðandi alvarlegan smitandi sjúkdóm

og

ætlaður til dreifingar undir eftirliti lögbærra yfirvalda á jörð sem er hluti af eða tilheyrir sömu bújörð, hvort sem þær eru samliggjandi eða ekki, og liggur beggja vegna landamæra milli aðildarríkja innan vegalengdar sem er um það bil 20 kílómetrar. Til að bújörðin verði viðurkennd ber eiganda hennar að halda skrá um þessa flutninga yfir landamæri. Lögbærum yfirvöldum ber að halda skrá um slíkar viðurkenndar bújarðir.“

2. gr.

Ákvörðun þessi skal gilda frá 1. janúar 2001.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjana.

Gjört í Brussel 19. desember 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 2, 5.1.2001, bls. 27, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2002 frá 25. júní 2002 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 49, 3.10.2002, bls. 14.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 62, 15.3.1993, bls. 49.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 290, 12.11.1999, bls. 32.